

Nd.

201. Nefndarálit

um frv. til laga um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nákvæmlega, og eru allir nefndarmenn á einu máli um það, að rjett sje að frv. nái fram að ganga með nokkrum breytingum, er síðar verður gerð grein fyrir.

Eins og kunnugt er, hafa á síðari árum heyrst ýmsar raddir um það, að æskilegast væri, að sú stefna yrði sem fyrst upp tekin að afla ríkissjóði sem mestra tekna með föstum sköttum, og sumir jafnvel gengið svo langt, að halda því fram, að tollar eða hinir óbeinu skattar ættu að hverfa að mestu.

Nefndin getur ekki aðhyllst þessa skoðun nema að nokkru leyti, því henni er það ljóst, að þarfir ríkissjóðs eru svo margar og miklar, en þjóðarauðurinn hins vegar svo lítill, að því fer fjarri, að fasteignir þær, sem til eru i landinu og arðvænlegar geta talist, geti borið útgjöld ríkisins nema að litlu leyti, og það því síður, sem vitanlegt er, að á fasteignum, einkum húsunum, hvíla miklar veðskuldir.

Um það var talsvert rætt í nefndinni, hvort ekki væri tiltækilegt að draga frá veðskuldir áður en skatturinn væri á lagður, en eftir nákvæma þhugun var frá því horfið, en jafnframt afráðið að færa skattinn niður, þannig að af jarðeignum og öðrum eignum, sem taldar eru í 1. gr. undir tölulið 1, skuli greiða $2\frac{1}{2}$ af þúsundi hverju, og af húsum öllum, samkvæmt tölulið 2, skal greiða $1\frac{1}{2}$ af þúsundi.

Með tilliti til framangreindrar breytingar komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að 2. gr. yrði óþörf, vegna þess, að munurinn á skattinum, eftir tillögu nefndarinnar, og ábúðarskattinum yrði ekki meiri en svo, að ástæðulítið væri að gera breytingar á því, hver skattinn skyldi greiða. Nefndin leggur því til, að ný grein komi í stað annarar greinar, sem niður falli, og er þar ákveðið, að eigendur greiði skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða.

Breytingarnar við 3. gr. eru að eins afleiðingar af undanfarandi breytingum, og því ástæðulítið að fjölyrða um þær.

Við 5. gr. hefir nefndin gert orðabreytingar, eftir því sem betur þótti fara.

Um ákvæði 9. gr. var nokkur skoðanamunur, en samkomulag náðist með því að bæta við greinina svo hljóðandi setningu: Þó sje það samþykkt í sameinuðu þingi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Auk þess, sem að framan greinir, verður að líta á það, að fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um eignarskatt, sem líkur eru til að ná fram að ganga. Þetta, meðal annars, virtist nefndinni ástæða til að færa skattinn lítillsháttar niður frá því sem frv. gerir ráð fyrir.

Að endingu leyfir nefndin, sjer að leggja það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. »veiðiám, fossum og« í tölulið 1. falli burt.
2. — » — Á eftir »rekarjettindum« í sama lið komi:
veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum.
3. — » — Fyrir »3« í sama lið komi:
 $2\frac{1}{2}$.
4. — » — Fyrir »2« í tölulið 2. komi:
 $1\frac{1}{2}$.
5. — 2. — Greinin falli burt. Í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.
6. — 3. — Fyrsta málsgrein orðist þannig:
Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir rikissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

7. Við 3. gr. Önnur málsgrein falli burt.
8. — 5. — Orðið »eigandi« í fyrstu línu falli burt.
9. — » — Fyrir »eigandi« í annari línu komi:
skattgreiðandi.
10. — 9. — Aftan við greinina bætist ný setning, svo hljóðandi:
þó sje það samþykkt í sameinuðu þingi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Alþingi, 30. mars 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður og framsögumaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

Hákon J. Kristófersson. Þórarinn Jónsson.